



HRUNAMANNAHREPPUR

68. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

**KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026 9. FUNDUR ÁRSINS HALDINN
MIÐVIKUDAGINN 5. JÚNÍ 2025 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á
FLÚÐUM**

Árið 2025, þann 5. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemendum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bað oddviti sveitarstjórnarmenn um að minnast Vígundar Þorsteinssonar í Haukholtum sem lést í hörmulegu slysi aðeins 10 ára að aldri þann 28. maí 2025 með mínútu þögn. Í máli oddvita kom fram að þrátt fyrir ungan aldur hafi Vígundur sett mark sitt á samfélagið og skilur hann eftir sig stórt skarð, minning hans mun lifa. Sveitarstjórn og sveitarstjóri senda foreldrum, systkinum, öðrum aðstandendum og vinum innilegar samúðarkveðjur.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar frá 27. maí 2025.**
Lögð fram fundargerð 17. fundar Skólanefndar.

Varðandi lið 3, niðurstöður könnunar um mögulega fristund á föstudögum, samþykkir sveitarstjórn samhljóða að næsta skólaár verði fristund í boði á föstudögum til kl. 15:00. Skólastjóra og sveitarstjóra falið að vinna að þessari breytingu. Hljótist af breytingunni kostnaður umfram heimildir í fjárhagsáætlun þá mun slíku verða mætt með viðauka við fjárhagsáætlun. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- Veitu- og framkvæmdaneftnd: Fundargerð 17. fundar frá 26. maí 2025.**
Lögð fram fundargerð 17. fundar Veitu- og framkvæmdaneftndar.

Varðandi lið 2.a. Röðulstangi gatnagerð, þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fyllt verði upp að brunnum í neðri hluta Kerlingartanga. Verkliðurinn rúmast innan fjárheimilda í fjárfestingu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- Fundargerð 303. fundar skipulagsnefndar frá 28. maí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 303. fundar skipulagsnefndar frá 28. maí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. maí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 27. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar aðalskipulagsbreytingar sem tekur til grjótnámu á Syðra-Langholti L172619 í Hrunamannahreppi.

Í breytingunni felst stækkun á efnistökusvæði E31 úr 0,9 ha í 2,4 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m3 í stað 45.000 m3.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að breytingin verði sérstaklega kynnt hagsmunaðilum innan svæðisins. Komi engar athugasemdir fram við breytinguna mælist skipulagsnefnd til þess að málið fái málsméðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar eftir kynningu breytingarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að breytingin verði sérstaklega kynnt hagsmunaðilum innan svæðisins. Komi engar athugasemdir fram við breytinguna samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsméðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar eftir kynningu breytingarinnar.

Mál nr. 28. Langholtskot: Landbúnaðarland í frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram beiðni um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Í breytingunni felst að hluti skipulagssvæðisins breytist úr landbúnaðarlandi í frístundasvæði auk þess sem gert er ráð fyrir breytingu og megin reiðleið um svæðið. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. maí sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. maí sl.

4. Byggðasamlags UTU bs.: Fundargerð 122. fundar stjórnar frá 23. maí 2025.
Lögð fram fundargerð 122. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Undir lið 2 í fundargerðinni lögðu fulltrúar Flóahrepps og Ásahrepps í stjórn UTU fram tillögu um að gerð verði breyting á samþykktum UTU þess efnis að hverri sveitarstjórn sem aðild á að UTU verði heimilt að skipa einn áheyrnarfulltrúa í skipulagsnefnd UTU er tæki þátt í fundum í gegnum fjarfundabúnað.

Er þessi tillaga borin upp í framhaldi af ósk sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að sveitarfélögum sem aðild eiga að UTU verði heimilt að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd án þess að sú ákvörðun hafi áhrif á annað samstarf um rekstur Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita. Var samþykkt að vísa tillögu Flóahrepps og Ásahrepps til umræðu í aðildarsveitarfélögunum.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur rætt þessa tillögu í þau og telur ekki að þátttaka eins áheyrnarfulltrúa, í fjarfundi, geti komið í stað þess að sveitarfélagið starfræki sína eigin skipulagsnefnd. Því samþykkir sveitarstjórn samhljóða að hafna tillögunni sem hér er lögð fram og ítrekar jafnframt fyrri óskir um að Hrunamannahreppi verði heimilað að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd án þess að þurfa á sama tíma að hverfa úr því samstarfi sem sveitarfélögin eiga um starf skipulags- og byggingarfulltrúa (UTU).

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

*SEE DGS
ARJ HAT
BY*

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. **Tónlistarskóli Árnesinga bs.: Fundargerð 213. fundar stjórnar frá 23. maí 2025.**

Lögð fram fundargerð 213. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 85. stjórnarfundar frá 19. maí 2025.**

-Ásamt uppbyggingaráætlun - Húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans bs.

Lögð fram fundargerð 85. stjórnarfundar Bergrisans bs. ásamt uppbyggingaráætlun - Húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans bs.

Fundargerðin ásamt uppbyggingaráætlun lögð fram til kynningar.

7. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 23. stjórnarfundar frá 19. maí 2025.**

-Ásamt ársreikningi 2024.

Lögð fram fundargerð 23. stjórnarfundar Arnardrangs hses. ásamt ársreikningi 2024.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

8. **SASS: Fundargerð 622. fundar stjórnar frá 9. maí 2025.**

Lögð fram fundargerð 622. fundar stjórnar SASS.

Sóknaráætlun Suðurlands hafði áður verið send sveitarstjórnarfólki í tölvupósti.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

9. **Bréf frá Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá 9. apríl 2025.**

Lagt fram bréf frá Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2025-2026.

Lagt fram til kynningar en um leið er sveitarstjóra falið að sækja um í sjóðinn fyrir verkefnum sem bætt geta aðgengi í sveitarfélagini.

10. **Ársfundar Brákar íbúðafélags hses. 11. júní 2025**

Lagt fram fundarboð til ársfundar Brákar íbúðafélags hses. miðvikudaginn 11. júní 2025 kl. 11:30. Sveitarstjórn þarf að skipa fulltrúa á aðalfundinn

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Jón Bjarnason sem fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfundi Brákar íbúðafélags hses sem haldinn verður miðvikudaginn 11. júní.

11. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 19. júní 2025, kl. 14:00

Fjárhagsleg málefni:

Hér vék Jón Bjarnason af fundi.

12. **Svínárnes - Tilboð í hús.**

Lögð fram niðurstaða verðfyrirspurnar í skála í Svínárnesi. Þrjú tilboð bárust og af þeim voru tvö í samræmi við fyrirliggjandi magnskrá. Fyrir lá álit sérfraðings frá Eflu um tilboðin.

DG
ARJ
B
HJS

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Húsvís ehf og felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir og ítrekar að mikilvægt er að málid gangi hratt fyrir sig.

Hér tók Jón Bjarnason aftur sæti á fundinum.

13. Samningur um gagnaöryggismál við Syndis.

Lagður fram samningur um gagnaöryggismál við Syndis. Samningurinn byggir á rammasamningi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur undirritað við fyrirtækið og veitir sveitarfélögum aðgang að vöktunarþjónustu fyrirtækisins. Með þessari þjónustu fer fram sólarhrings eftirlit á netumferð og tölvukerfum Hrunamannarhrepps með áherslu á upplýsingaöryggi. Þjónusta Syndis vinnur þannig að hún grípur óeðlilega umferð og atburði sem fara þar í gegn og tryggir greiningu og viðbragð öryggissérfræðinga við þeim. Með þessu er stórt skref tekið til að koma í veg fyrir tjón af völdum tölvuárása sem geta orðið gríðarleg eins og dæmin hafa sannað hér á landi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Mál til kynningar:

14. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 979. fundar frá 16. maí 2025.

Lagt fram til kynningar.


15. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 84. fundar stjórnar frá 9. maí 2025.

Lagt fram til kynningar.

16. Brunavarnir Árnessýslu: Viðauki við fjárhagsáætlun 2025 vegna kjarasamninga.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:26



Alexandra Ros Johannesson
Hildur Þóra Guðmundsson
Dóri Gísli Samuelsson
Barney Jignisdóttir
Máli Kapellmann